

203
4. nív.

36. gr.
Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.
Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. nóvember 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

204
5. nív.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakauptún, nr. 161
5. september 1939.

Gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu innheimtast frá og með 1. janúar 1944 og út það ár með 50% viðauka.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

205
6. nív.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð 29. marz 1941, um iðnaðarnám, og reglugerð
3. júlí 1942, um breyting á sömu reglugerð.

1. gr.

1. gr. reglugerðar 29. marz 1941 breytist þannig, að á eftir orðinu „gaslagningu“ í A-lið komi: glerslípun og speglagerð, og á eftir orðunum „leturgrefti“ komi: ljósprentun.

Á eftir orðinu „hattasaumara“ í B-lið sömu greinar komi: kjólasaumara, kvenna-klæðskera.

2. gr.

Í 12. gr. sömu reglugerðar, 2. málsg., komi á eftir orðinu „feldskurði“: glerslípun og speglagerð, — og á eftir orðinu „klæðskurði“ komi: kjólasaum, kvenna-klæðskurði.

3. gr.

Á eftir 6. (upphaflega 5.) lið 13. greinar komi nýr 7. liður, svo hljóðandi:
7. Glerslípun og speglagerð.

Nemandi skal:

a. skera, kantslípna og bora glerplötu í innbú verzlunar. Skal glerplatan vera 60 × 125 cm hið minnsta og ekki þynnri en 6 mm;

b. skera og slípa 25 mm snið (facet) á spegil úr 6 til 8 mm þykku gleri og sé hann ekki minni en hálfur fermetri að stærð;

- c. skera, kantslípa og skáslípa 5 mm breiðan kant á kringlóttu glerplötu úr 205 6 til 8 mm þykku gleri, og sé glerplatan ekki minni en 80 cm í þvermál; 6. nív.
- d. skera, kantslípa og slípa handgróp í glerhurð úr 6 til 8 mm þykku gleri og sé hún ekki minni en 100 cm á hæð og 60 cm breið;
- e. gera spegil úr 3 mm gleri, og sé hann ekki minni en 25 × 40 cm að stærð. Í 12. (upphaflega 11.) lið sömu greinar, sem verður 13. liður, komi tveir nýir stafliðir, svo hljóðandi:

c. Í kjólasaum skal nemandinn teikna, sníða og sauma:

1. síðdegiskjól;
2. kvöldkjól;
3. samkvæmiskjól;

eða

1. upphlut;
2. peysuföt (treyju og pils).

d. Í kvennaklæðskurði skal nemandinn teikna, sníða og sauma:

1. vetrarkápu með skinni;
2. frakka (Ulster, swagger);
3. skinnlausa kápu;
4. peysufatafrakka;
5. jakka og pils (dragt).

Á eftir 13. (upphaflega 12.) lið sömu greinar komi nýr liður, sem verður 15. liður, svo hljóðandi:

15. Ljósprentun.

Nemandinn skal:

- a. taka strikmynd og netmynd af góðri fyrirmynd og framkalla þær. Enn fremur stækka mynd og minka;
- b. undirbúa filmur undir gegnumlýsingu;
- c. undirbúa plöturnar með sýrum;
- d. gera plöturnar ljósnæmar með tilheyrandi efnum;
- e. gegnumlýsa filmurnar á plötu;
- f. framkalla plöturnar með tilheyrandi efnum;
- g. undirbúa plötu fyrir prentun eða til þess að geymast án þess að hún ryðgi;
- h. stemma plötu við pappír;
- i. jafna svertu eða liti og stilla hlutfall á milli svertu og vatnskefla;
- j. prenta myndirnar í 100 eintökum.

4. gr.

Í stað tölunnar 3. á undan orðinu „Bifreiðasmiði“ í 2. línu 3. gr. reglugerðar 3. júlí 1942, um breyting á reglugerð um iðnaðarnám, komi talan 2.

Orðin „Tölusetning iðngreina . . . veggfóðrun“ í sömu grein falli niður.

Liðatala 13. gr. iðnaðarnámsreglugerðar 29. marz 1941 breytist samkvæmt þessu og téðri reglugerð 3. júlí 1942 og verður síðasti liður: 32. Veggfóðrun.

5. gr.

Í kaflann um teikningu í 25. gr. reglugerðarinnar bætist:

Í 3. lið, 3. mgr., á eftir orðinu „feldskerar“: kjólasaumarar og kvennaklæðskerar.

Í 4. lið, g., bætist á eftir orðinu „leturgrafar“: ljósprentarar, glerfágarar og speglagerðarmenn.

Í 4. lið, k., bætist á eftir orðinu „feldskerar“: kjólasaumarar, kvennaklæðskerar.

205 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám,
6. nóv. öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vígfús Einarsson.

206

6. nóv.

S A M Þ Y K K T

fyrir Sparisjóð Hríseyjar.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Hríseyjar og skal heimili hans og varnarþing vera Hrísey.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Hríseyjarhrepps og ábyrgist hreppurinn innstæður manna í sjóðnum og aðrar skuldbindingar hans.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á miðsvetrarhreppsfundi og 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og gildir kosning þeirra allra til fjögurra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af miðsvetrarhreppsfundi, flytji burt úr héraðinu, eða forfallist á annan hátt, skal hreppsnefnd skipa annan í hans stað, fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögætlan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.